

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 4. desember 2015
Tilvísun 111
MKÁ

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld

Vísað er til tölvupósts efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá 30. nóvember sl. þar sem óskað var umsagnar um frumvarp til laga um breytingar á ýmsum lagaákvæðum um skatta og gjöld, 373. mál. Nasdaq á Íslandi¹ vill koma á framfæri eftirfarandi athugasemd við frumvarpið.

Í 18. gr. frumvarpsins er gerð tillaga að breytingu á 3. mgr. 2. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjum, nr. 94/1996, með síðari breytingum. Í b-lið 18. gr. frumvarpsins er lagt til að verðbréfafyrirtæki, líkt og bönkum, sparisjóðum og lánafyrirtækjum, verði bætt við upptalningu á þeim aðilum sem undanþegnir eru staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum skv. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996. Hingað til hafa verðbréfafyrirtæki þurft að halda eftir fjármagnstekjuskatti þegar þau eru móttakendur fjármagnstekna fyrir hönd viðskiptavina. Í athugasemdum við frumvarpið segir að verðbréfafyrirtæki þurfi síðan að „halda eftir fjármagnstekjuskatti við uppgjör gagnvart viðskiptavinum sínum þrátt fyrir að sömu tekjur hafi áður sætt afdrætti á staðgreiðslu að hluta eða öllu leyti.“ Það hafi því þótt eðlilegt að verðbréfafyrirtæki nytu undanþágunnar í 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996.

Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. telur ástæðu til að útvíkka fyrrgreinda undanþágu enn frekar og fella þar undir verðbréfamiðstöðvar skv. lögum nr. 131/1997 um rafræna eignarskráningu verðbréfa. Grunnrekstur verðbréfamiðstöðva felst í því að annast eignarskráningu verðbréfa fyrir hönd einstaklinga og lögaðila. Einnig er hefðbundið að verðbréfamiðstöðvar veiti þjónustu vegna móttöku arðgreiðslna og afborgana fyrir hönd viðskiptavina sinna. Við framkvæmd þessarar þjónustu móttækur verðbréfamiðstöð fjármagnstekur fyrir hönd viðskiptavina og er þannig í sömu stöðu og verðbréfafyrirtæki hafa verið hingað til. Það má því heimfæra þá röksemdafærslu sem hvílir að baki fyrrgreindri tillögu í 18. gr. frumvarpsins yfir á verðbréfamiðstöðvar með sama hætti og verðbréfafyrirtæki.

Að virtu ofangreindu leggur Nasdaq á Íslandi til að eftirfarandi breyting verði gerð á b-lið 18. gr. frumvarpsins.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. mgr. 2. gr. laganna:

a. Í stað orðanna „verðbréfasjóðir, sbr. lög um verðbréfasjóði, nr. 10/1993“ komi: sjóðir sem starfa samkvæmt lögum um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði, nr. 128/2011.

b. Á eftir orðunum „með síðari breytingum“ komi: verðbréfafyrirtæki, sbr. 5. tölul. 1. mgr. 4. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, verðbréfamiðstöðvar, sbr. lög um rafræna eignarskráningu verðbréfa, nr. 131/1997.

Nasdaq á Íslandi hefur ekki frekari athugasemdir við frumvarpið.

¹ Kauphöll Íslands hf. (“Kauphöllin”) og Nasdaq verðbréfamiðstöð hf. (“VS”) tilheyrir Nasdaq á Íslandi.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads 'Magnús Kristinn Ásgeirsson'.

Magnús Kristinn Ásgeirsson,
forstöðumaður lögfræðisviðs,
Nasdaq á Íslandi